



Reglur Norðurþings um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir Norðurþings

I. kafli

Lagagrundvöllur, skilgreining, markmið og megináherslur

1.gr.

Lagagrundvöllur

Norðurþing veitir einstaklingum stuðnings- og stoðþjónustu eftir þörfum hvers og eins.

Reglur þessar eru byggðar á eftirfarandi lögum:

- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Í III. kafla í fyrrgreindum lögum er fjallað um stoðþjónustu.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, sbr. 25.-27. gr. og XI. kafla.

Í reglum þessum eru hugtökin stuðningsþjónusta, þjónusta, aðstoð eða stuðningur notuð hvort heldur sem stuðningur er veittur skv. Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eingöngu eða lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Við gerð og framkvæmd þessara reglna er stuðst við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. ¹⁾

2 gr.

Markmið

Markmið stuðningsþjónustu er að veita aðstoð til þeirra einstaklinga sem þurfa á stuðningi að halda vegna fötlunar eða aðstæðna sinna.

Markmiðið er að aðstoða, efla og styrkja einstaklingana við heimilishald, athafnir daglegs lífs og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun, sbr. 1. og 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og 19. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna með réttindi fatlaðs fólks.

Stuðningsþjónustan skal miða að því að efla einstaklinga til sjálfshjálpar og skapa þeim skilyrði til sjálfstæðs lífs.

1. Í VII kafla fyrrgreindra laga er fjallað um stuðningsþjónustu. VIII kafli fyrrgreindra laga fjallar um málefni barna og ungmenna, X. kafli þjónustu við aldraða og XI kafli um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

3.gr. Réttur til þjónustu

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum.

- a. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára og eiga lögheimili í Norðurþingi. Ef einstaklingur er yngri en 18 ára vísast til reglna Norðurþings um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
- b. Umsækjandi er fatlaður í skilningi laga, sbr. 1. og 2. til. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- c. Umsækjandi skal búa sjálfstæðri búsetu. Sjálfstæð búseta samkvæmt reglum þessum felur ekki í sér sértæk húsnæðisúrræði s.s. í búsetukjarna og sértæk húsnæðisúrræði með sameiginlegu rými, þar sem stuðningsþjónusta skal veitt af þjónustuaðila slíkra úrræða. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki að öllu jöfnu rétt á stuðningsþjónustu

Heimilt er í ákveðinum tilvikum að veita einstaklingum í sértækri búsetu liðveislu allt að 8 tímar á mánuði.

Einstaklingur sem notið hefur þjónustu skv. reglum þessum fyrir 67 ára aldur getur átt rétt á áframhaldandi þjónustu að uppfylltum nánari tilgreindum skilyrðum í reglum þessum.

Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og sækir þjónustu skv. reglum þessum getur átt rétt á stuðningsþjónustu ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu að mati Félagsþjónustu Norðurþings.

Aðstoð skal veitt innan og utan heimilis.

4 gr. Skilgreining og megináherslur stuðningsþjónustu

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur á grundvelli 8. og 12. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 28/2018 og 1. mgr. 26. gr. Laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Framkvæmd þjónustu er byggð á reglum Félagsþjónustu Norðurþings um stuðningsþjónustu og fer mat á þjónustupörf umsækjanda skv reglum þessum.

Með stuðningsþjónustu er átt við eftirfarandi þjónustupætti:

- Sérhæfð ráðgjöf hefur það að markmiði að aðstoða og styrkja fatlað fólk til sjálfsbjargar en getur einnig falist í ráðgjöf til starfsmanna einstaklingsins sem sinna stoðþjónustu. Sérhæfð ráðgjöf sem felst í að veita fötluðu fólki ráðgjöf og stuðning varðandi t.d velferðartækni, réttindamál og fleira. Ráðgjöfin getur einnig falist í að samræma ýmsa þætti, t.d tómsundur, hæfingu og vinnu með það að markmiði að nýta stuðning sem best. Ennfremur getur



sérhæfð ráðgjöf falið í sér að tengja saman alla þá aðila sem kom að málum einstaklings, t.d heilsugæslu, sjúkráþjálfun og fleira.

- Stuðningur við heimilishald er stuðningur við þau verkefni heimilisins svo einstaklingar geti haldið heimili til jafns við aðra
- Stuðningur við athafnir daglegs lífs, s.s stuðningur við persónulegt hreinlæti, næringu og heilbrigði.
- Félagslegur stuðningur miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það að markmiði að styðja og hvetja einstaklinga til þátttöku og virkni í félags- og tómstundastarfi til jafns við aðra sem og styðja við atvinnuþátttöku, nám o.fl. Slíkur stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning.
- Heimsendur matur fyrir þá sem ekki geta annast matseld sjálfir.

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Þjónustan skal vera heildstæð, samfelld og samþætt. Viðkomandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í verkum sem þarf að leysa af hendi, eftir því sem kostur er. Ef aðstæður eru með þeim hætti að einstaklingur getur ekki eða kys að vera ekki til staðar getur stuðningur við heimilishald farið fram gegn skriflegu samþykki viðkomandi.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur bæði innan heimilis og utan.

Einstaklingar og barnafjölskyldur sem metnar hafa verið í þörf fyrir stoð- og stuðningsþjónustu Norðurbíng geta sótt um að gera notendasamning, sbr. 28. Gr. Laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, en um þá gilda reglur sveitarfélagsins um notendasamninga.

5. gr

Heimild til ákvarðanatöku, yfirumsjón, ábyrgð og stjórn

Starfsmenn Félagsþjónustu Norðurbíngs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði Fjölskylduráðs.

Forstöðumaður stuðningsþjónustu ber faglega ábyrgð á þjónustunni og sinnir sérhæfðri ráðgjöf. Einnig annast hann stuðning og ráðgjöf til þeirra starfsmanna sem sinna daglegri framkvæmd þjónustunnar.

Fjölskylduráð Norðurbíngs fer með stjórn þjónustu skv. reglum þessum.

II. kafli

Umsóknarferli

6.gr

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um stuðningsþjónustu skal leggja fram hjá Félagsþjónustu Norðurbíngs. Sótt er um á þar til gerðum umsóknareyðublöðum eða hjá forstöðumanni stuðningsþjónustu.



Með umsókn um þjónustu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- Læknisvottorð þegar um heilsubrest er ræða
- Gilt örorkumat þegar við á
- Greining á fötlun eða ummönnunarmat ef umsókn byggir á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- Viðurkenndar og samræmdar matsaðferður, s.s. SIS.

7.gr Mat á þjónustupörf

Áður en aðstoð er veitt skal meta þörf fyrir stuðning í hverju einstöku tilviki.

Mat á stuðningsþörf skal vera unnið í samvinnu við umsækjanda enda sé mat á þjónustu skilgreint sem upphaf að skilvirku notendasamráði. Mat á stuðningsþörf skal vera samræmt í sveitarfélaginu og skýrt með hvaða hætt stuðningsþörf er metin.

Við mat á þjónustupörf og við forgangsröðun umsókna skal litið til að minnsta kosti eftirfarandi fjórir meginþættir skoðaðir sem hafa áhrif á athafnir daglegs lífs:

- a. Þörf umsækjanda fyrir stuðning.
- b. Félagslegar aðstæður umsækjanda.
- c. Færni og styrkleikar umsækjanda.
- d. Samfélagsþátttaka, valdefling og virkni umsækjanda.

Í öllum þáttum matsins er að finna stigagjöf sem felur í sér hversu mikla þörf viðkomandi hefur fyrir þjónustu eða aðstoð. Stigagjöf allra þátta gefur til kynna hvort umsækjandi uppfylli viðmið þjónustu og mat á þjónustupörf sbr. 8 og 9 gr. reglna þessara.

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmd er umsóknin tekin fyrir á samráðsfundi félagsþjónustu og á grundvelli mats er tekin ákvörðun um innihald, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er og útfærður í stuðningsáætlun í samvinnu við umsækjanda. Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd.

Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að stuðningur verði veittur. Ef fyrirséð er að stuðningur geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerða um biðlista, forgangsröðun og úrræða á biðtíma eftir þjónustu nr. 1035/2018. Þá skal veita aðra viðeigandi þjónustu á meðan beðið er eftir þjónustan sem samþykkt hefur verið hefjist, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Sé niðurstaðan mats á stuðningsþörf sú að aðstæður umsækjanda séu með þeim hætti að ekki sé þörf á stuðningi samkvæmt reglum þessum ber að synja umsókninni og skal málsmeðferð vera í samræmið við VI. kafla reglna þessara.



8.gr Lágmarksskilyrði

Aðstæður umsækjanda eru metnar á grundvelli matskerfis, sjá fylgiskjal 1 með reglum þessum. Til þess að umsækjandi eigi rétt á stuðningsþjónustu þurfa eftirfarandi lágmarksskilyrði að vera uppfyllt:

- Umsókn um stuðningsþjónustu: að umsækjandi hafi a.m.k 4 stig vegna felaglegtrar færni og 4 stig vegna samfelagslegrar þáttöku og virkni.
- Umsókn um stoðþjónustu: að umsækjandi hafi amk 4 stig vegna færni

9.gr Umfang þjónustu

Umfang veittrar stuðningsþjónustu er í samræmi við þörf og mati á þjónustu eða aðstoð sbr. matstæki á fylgiskjali nr. 1 með reglum þessum. Þjónustupörf er skilgreind sem lítil, meðal, mikil eða mjög mikil. Um er að ræða eftirfarandi hámarksfíma hvað varðar mismunandi þjónustupætti:

- Hámark liðveislu er 30 klst. á mánuði
- Hámark frekari liðveislu er 110 klst. á mánuði

III. kafli Þjónustuáætlun og endurmat

10. gr Þjónustuáætlun

Þegar þjónustupörf hefur verið metin skal umsækjandi fa skriflegt svar með niðurstöðu svo fljótt sem unt er. Verði töf á að þjónusta geti hafist skal leita annarra leiða í þjónustu á meðan. Áður en stuðningur hefst skal gera samkomulag um stuðning, þ.e. einstaklingsbundna þjónustuáætlun, sbr. 8. til. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig verði metinn reglulega.

Í þjónustuáætlun skal koma eftirfarandi fram:

- Tilgangur með stuðningi
- Hvernig aðstoðin skuli vera veitt
- Tímamörk samnings
- Hvernig settum markmiði þjónustu skuli náð.
- Tilgreina hvernig árangur þjónustunnar skuli vera metinn.

Að öllu jöfnu skal samþykkt þjónusta ekki gilda lengur en í 12 mánuði. Ef ljóst er að stuðningsþörfin er langvarandi er heimilt að afgangi þjónustuna til lengri tíma.

11. gr Endurmat/breyting á þörfum fyrir þjónustu

Að öllu jöfnu skal samþykkt aðstoð ekki gilda lengur en í 12 mánuði og skal þá



árangur og stuðningsþörf endurmetin í samráði við einstaklings. Jafnframt skal endurmeta stuðningsþörf ef færni viðkomandi breytist. Ef færni einstaklinga breytist áður en samningstími klárast, skal endurmeta stuðningsþörfina í samráði við einstaklinginn.

IV. Kafli

Framkvæmd stuðningsþjónustu

12. gr

Sambætt og heildstæð þjónusta

Unnið skal að því að einstaklingar fái heildstæða og sambætta þjónustu eða stuðning. Forstöðumaður stuðningsþjónustu ber ábyrgð á því að þjónustan og stuðningurinn sé heildstæður og að samræmi sé á milli stuðningsaðila.

Almennt er stuðningur veittur á dagvinnutíma á virkum dögum. Um umfang stuðnings vísast til 5. mgr. 26. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Ákvörðun um stuðning felur í sér að aðstoð sé að jafnaði veitt í tiltekinn fjölda skipta í viku hverru á grundvelli mats á stuðningsþörf.

V. kafli

Kostnaður, ferðir, lyklar og fjármunir

13. gr.

Kostnaður

Notendum ber að greiða fyrir sig allan þann kostnað sem hlýst af stuðningsþjónustu. Félagsþjónusta Norðurlands endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað samkvæmt fylgiskjali nr 2 í reglum þessum. Ef kostnaðurinn við stuðningsþjónustuna fer umfram kostnaðinn skv. fylgiskjali 2 í reglum þessum skal einstaklingurinn bera þann kostnað.

14.gr

Ferðir

Starfsmönnum er heimilt að aka bifreiðum notenda. Slíkt skal tilgreint í þjónustuáætlun, samþykkt og á ábyrgð notenda.

15 gr.

Lyklar notenda

Eftir atvikum er heimilt að forstöðumaður stuðningsþjónustu geymi lykil af íbúð einstaklinga á starfstöð sinni og um það skal gerður skriflegur samningur.



16. gr **Fjármunir notenda**

Starfsmönnum stuðningsþjónustu er óheimilt að fara með fjármuni notenda. Upplýsa skal notanda um rétt hans til að velja sér persónulegan talsmann á grundvelli laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

17. gr **Vinnuaðstæður**

Aðstæður á heimilum skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og skal því gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður.

Sé öryggi starfsfólks ógnað á heimilum, t.d. vegna óreglu eða áreitni notenda, getur þurft að fresta stuðningi á meðan unnið er í málinu og úrbætur gerðar.

Starfsmaður í stuðningi við heimilishald skal hafa aðgang að hreingerningabúnaði og ræstivörum svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi.

Starfsmönnum er óheimilt að reykja inn á heimilum notenda og notendur gangast inn á að reykja ekki á meðan starfsmenn eru inn á heimilinu. Ef gæludýr eru á heimilinu er ætlast til þess að þau séu ekki laus og/eða ekki á þeim svæðum þar sem þjónustan er veitt á meðan á henni stendur.

VI. kafli **Málsmeðferð**

Málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæðum XV. og XVI kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir nr. 38/2018.

18 gr. **Samvinna við umsækjanda**

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um þjónustu hefur borist. Öflun gagna og upplýsinga skal forstöðumaður stuðningsþjónustu annast í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti persónulegan talsmann.

19. gr. **Leiðbeiningar til umsækjanda**

Við afgreiðslu umsóknar skal forstöðumaður stuðningsþjónustu bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.



20. gr

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Starfsmönnum ber að gæta trúnaðar í samskiptum við notendur og gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu, sbr. lög og reglur þar að lútandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum. Fara ber með allar upplýsingar sem viðkomandi starfsmaður fær í starfi sínu og varða persónulega hagi notenda sem trúnaðarmál. Starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, fríðindi, eða önnur hlunnindi frá notendum eða aðstandendum þeirra, nema innan eðlilegra marka. Hafa skal samráð við forstöðumann stuðningsþjónustu ef vafi leikur á um hvort starfsmanni sé heimilt að þiggja gjöf eða önnur fríðindi. Hafa ber til hliðsjónar Siðareglur félagsþjónustu Norðurþings

21 gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að þjónustan verði veitt.

Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um stoð- og stuðningsþjónustu

22. gr

Endurskoðun

Rétt til stuðning samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang stuðnings.

Ef umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

23. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stoð- og stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún er byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.



24.gr

Kynning á ákvörðun um þjónustu

Þar sem starfsmenn fjölskylduráðs hafa umboð til að taka ákvörðun á grundvelli þessara reglna skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að Fjölskylduráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til Fjölskylduráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun ráðsins skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

25. gr

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjandi barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

26. gr.

Gildistaka

Samþykkt í fjölskylduráði Norðurbings þann 21.06.2025
Staðfest í sveitarstjórn Norðurbings 3.4.2025



Fylgiskjal nr. 1

A. Færni til athafna daglegs lífs

a. Félagsleg færni

0 stig - Færni er metin góð. Hefur m.a. færni til þess að mynda tengsl við aðra og sækja félagsstarf. Þörf fyrir þjónustu er engin.

1 stig - Færni er metin sæmileg. Hefur minniháttar skerta færni til þess að mynda tengsl við aðra og sækja félagsstarf. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.

4 stig Færni er metin ábótavant. Hefur skerta færni til þess að mynda tengsl við aðra og sækja félagsstarf. Þörf fyrir þjónustu er metin meðal mikil.

6 stig Færni er metin slæm. Hefur mikla skerðingu í færni til þess að mynda tengsl og getur ekki sótt félagsstarf án stuðnings. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil.

8 stig Færni er metin verulega slæm. Getur ekki myndað félagsleg tengsl við aðra nema að mjög takmörkuðu leiti. Er háður stuðningi vegna athafna daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil.

b. Hreyfi – og líkamleg færni

0 stig Færni er metin góð. Hefur óskerta hreyfi og líkamlega færni. Þörf fyrir þjónustu er engin.

1 stig Færni er metin sæmileg. Hefur minniháttar skerta færni en háir ekki athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.

4 stig Færni er metin ábótavant. Hefur skerta færni sem háir ákveðnum athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin sem meðal mikil (minni háttar stuðningur).

6 stig Færni er metin slæm. Hefur mikla skerðingu í færni og getur ekki framkvæmt athafnir daglegs lífs án stuðnings. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil.

8 stig Færni er metin verulega slæm. Hefur mjög mikla skerðingu í færni og er háður stuðningi vegna athafna daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil.

c. Vitsmunaleg- og andleg færni

0 stig Færni er metin góð. Hefur óskerta vitsmunalega og/eða andlega færni. Þörf fyrir þjónustu er engin.

1 stig Færni er metin sæmileg. Hefur minniháttar skerta færni en háir ekki athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.

4 stig Færni er metin ábótavant. Hefur skerta færni sem háir ákveðnum athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin sem meðal mikil (minni háttar stuðningur).

6 stig Færni er metin slæm. Hefur mikla skerðingu í færni og getur ekki framkvæmt athafnir daglegs lífs án stuðnings. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil. 9

8 stig Færni er metin verulega slæm. Hefur mjög mikla skerðingu í færni og er háður stuðningi vegna athafna daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil.



B. Stuðningur frá fjölskyldu eða öðrum aðilum samfélagsins (Fjölskyldunet – stuðningsnet)

0 stig Stuðningur er metinn góður. Hefur stuðning bæði frá fjölskyldu og öðrum aðilum samfélagsins. Þörf fyrir þjónustu er engin.

1 stig Stuðningur er metinn sæmilegur. Hefur minniháttar stuðning frá fjölskyldu og/eða öðrum aðilum samfélagsins, en háir ekki athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.

4 stig Stuðningur er metinn sem ábótavant. Skortir stuðning frá fjölskyldu og/eða öðrum aðilum samfélagsins sem háir ákveðnum athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin sem meðal mikil (minni háttar stuðningur).

6 stig Stuðningur er metinn slæmur. Skortir mikið stuðning frá fjölskyldu og/eða öðrum aðilum samfélagsins sem háir athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil.

8 stig Stuðningur er metinn verulega slæmur. Skortir mjög mikið stuðning frá fjölskyldu og/eða öðrum aðilum samfélagsins sem háir verulega athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil.

C. Félagslegar aðstæður

0 stig Aðstæður eru metnar góðar. Býr við félagslegt öryggi. Þörf fyrir þjónustu er engin.

1 stig Aðstæður eru metnar sæmilegar. Býr við minniháttar óöryggi, en háir ekki athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.

4 stig Aðstæður eru metnar sem ábótavant. Býr við óöryggi, sem háir ákveðnum athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin sem meðal mikil (minni háttar stuðningur).

6 stig Aðstæður er metnar slæmar. Býr við mikið óöryggi sem háir athöfum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil.

8 stig Aðstæður er metnar verulega slæmur. Býr við mjög mikið óöryggi sem háir verulega athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil.

D. Samfélagsþátttaka og virkni

0 stig Þátttaka og virkni er metin góð. Þörf fyrir þjónustu er engin.

1 stig Þátttaka og virkni er metin sæmileg, en háir ekki athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.

4 stig Þátttaka og virkni er metin sem ábótavant og háir einstaklingi í ákveðnum athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin sem meðal mikil (minni háttar stuðningur).

6 stig Þátttaka og virkni er metin slæm og háir einstaklingi í athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil.

8 stig Þátttaka og virkni er metin verulega slæm og háir verulega athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil. 10



Fylgiskjal nr. 2

Greiðslur vegna útlagðs kostnaðar til stuðningsaðila vegna stuðningsþjónustu. Útlagður kostnaður stuðningsaðila og notenda skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni út frá þörfum einstaklinga. Norðurþing endurgreiðir starfsmanni kostnað við stuðningsþjónustu, að hámarki kr. 7000 pr mánuð. Starfsmanni ber að skila viðeigandi kvittunum til forstöðumanns stuðningsþjónustu.

